



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

8. nóv. 2018 – Pistill nr. 43



Starfsmenn á hreppsskrifstofu Skútustaðahrepps og Mikleyjar, þekkingarseturs í Mývatnssveit, ásamt oddvita og einum ungum og efnilegum. Á myndina vantar skrifstofustjóra Skútustaðahrepps.

Mikley opnuð – Mikil lyftistöng fyrir samfélagið

Fimmudaginn 1. nóvember s.l. var haldin opunarhátíð Mikleyjar, þekkingarseturs í Mývatnssveit sem er til húsa að Hlíðavegi 6 í Reykjahlíð þar sem hreppsskrifstofan er til húsa. Boðið var uppá tónlistaratriði og veitingar úr héraði og var mjög vel mætt. Mývetningarnir Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir og Stefán Jakobsson, sem bæði gáfu út sólóplötur í haust, tóku lög af plötunum sínum. Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri var kynnr og Helgi Héðinsson oddviti flutti ávarp ásamt Steingrími J. Sigfússyni forseta Alþingis. Óli Halldórsson forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga flutti einnig ávarp sem og Arnþrúður Dagsdóttir starfsmaður þekkingarnetsins í Mývatnssveit. Hún tilkynnti hver hefði borið sigur úr bitum í hugmyndasamkeppni um nafn á þekkingarstetrinu en það var Ásta Kristín Benediksdóttir en hún átti sæti í undirbúningshópnum á sínum tíma. Þá var klippt á borða í tilefni dagsins.

Mikley mun hýsa ólíka aðila, t.d. námsmenn, sjálfstætt starfandi einyrkja og stofnanir. Nú þegar eru þar starfandi Mývatnssstofa, Vatnajökulsþjóðgarður, Geotravel, námsver og starfsstöð Þekkingnets Þingeyinga og Geochemý. Mývatnssstofa er samstarfsverkefni ferðaþjónustunnar á svæðinu, Geochemý eru sjálfstætt starfandi jarðfræðingar. Þekkingarnet Þingeyinga opnaði nú á ágúst starfstöð í Mývatnssveit með starfsmanni sem sinnir námsveri og þjónustu við námsmenn, símenntunarnámskeiðum á svæðinu og verkefnum á rannsóknarsviði stofnunarinnar. Geotravel er ferðaþjónustuaðili.



Ásta Kristín, Arnþrúður og Óli.

Markmiðið með stofnun Mikleyjar er margþætt, slík þekkingasetur hafa ólík en jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem þeim hefur verið komið á fót. Þá er m.a. horft til þess að bæta möguleika fólks með háskólamenntun til búsetu í sveitinni, viðhalda þeim

störfum í þekkingarstarfsemi sem eru hér nú þegar, hvetja til þverfaglegrar samvinnu, hvetja til náms og rannsóknavinnu og laða hingað störf í þekkingarstarfsemi.



Helgi Héðinsson oddviti klippir á bordann.



Mývetningurinn Stefán Jakobsson tók lagið og á meðal aðdáenda var jólasveinn úr Dimmuborgum.

Undirbúningur verkefnisins hófst með því að á árinu 2015 var skipaður starfshópur sem kannaði möguleika á uppbyggingu fræða- eða þekkingarseturs í Mývatnssveit. Þekkingarnet Þingeyinga sá um verkefnastjórn og uppbyggingarsjóður Eypings styrkti verkefnið. Hópurinn skilaði skýrslu í maí 2016 og þar kom fram sú niðurstaða að það væri bæði fýsilegt og gerlegt að reka þekkingarsetur í


Mývatnssveit. Þá var ákveðið að hentugt húsnæði til að byrja með fyrir starfseminu væri í húsnæði Skútustaðahrepps sem er samliggjandi skrifstofu hreppsins í Reykjahlíðarþorpi en jafnframt yrði unnið áfram að framtíðarstaðsetningu setursins. Mikley er stærsta eyjan í Mývatni en í mars 1858 var haldinn fundur í eyjunni þar sem ákveðið var að stofna lestrarfélag í sveitinni og stofna sparisjóð búlausra í sveitinni. Lestrarfélagið varð síðar að bókasafni Mývatnssveitar.



Mývetningurinn Fanneý Kristjáns Snjólaugardóttir tók lagið.

Fróðlegir fyrirlestrar á Heilsueflandi degi

Síðasta laugardag var Heilsueflandi dagur haldinn í íþróttamiðstöðinni þar sem var ókeypis í líkamsræktina ásamt leiðsögn, tilboð á árskortum og fróðlegir fyrirlestrar. Aðsókn var virkilega góð í tíma dagsins, á fyrirlestrana og ekki síst á boccia sem kynnt var fyrir eldri borgurum (sjá aðra frétt hér um boccia eldri borgara). Þá var vel mætt í krakkatíma. Dagurinn hófst með ókeypis tabatíma hjá hinni norsku Ragnhild. Einnig var opin blakæfing og ókeypis aðgangur í líkamsræktina undir stjórn Auðar Filippusdóttur einkaþjálfara. Boðið var áhugaverða fyrirlestra. Jóhanna Jóhannesdóttir lýðheilsufræðingur kynnti áhugaverðar niðurstöður mastersritgerðar sinnar um heilsu og líðan Mývetninga. Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur kynnti spennandi verkefni til eflingar hamingju og heilbrigði íbúa Skútustaðahrepps og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri sagði frá Heilsueflandi samfélagi.



Jóhanna Jóhannesdóttir lýðheilsufræðingur með fyrirlestur.



Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur með fyrirlestur.

Fyrir umræða um fjárhagsáætlun

Á fundi sveitarstjórnar í gærmorgun var fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps tekin til fyrri umræðu. Samþykkt var að visa henni til seinni umræðu á sveitarstjórnarfundi 28. nóvember n.k. og verður gert grein fyrir niðurstöðum hennar í sveitarstjórastöðunum þá en þó má segja að jákvæðar horfur eru með reksturinn á næsta ár. Þá var samþykkt að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt á árinu 2019, þ.e. 14,52%.

Tilboð í gatnagerð í Klappahrauni veg að íþróttahúsi

Á fundi sveitarstjórnar var lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í verðathugun fyrir gatnagerð í Klappahrauni og aðkomuvegi að íþróttahúsi. Þeir sem fengu gögn til tilboðsgerðar voru Jón Ingi Hinriksson ehf., Steinsteypir ehf., Höfðavélar ehf. og Vinnuvélar Eypórs ehf. Einungis eitt tilboð barst, frá Jóni Inga Hinrikssyni ehf.

Sveitarstjórn samþykkti að ganga til skýringarviðræðna við Jón Inga Hinriksson ehf. á grundvelli verðathugunarinnar og vísaði málinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

Starfshópar stofnaðir um nýtingu lífræns úrgangs og heftingar á útbreiðslu ágengra plantna

Umhverfisnefnd lagði til að sveitarfélagið stofni tvo starfshópa. Annars vegar um nýtingu lífræns úrgangs frá heimilum, lögbýlum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu m.a. til nýtingar til landgræðslu. Hins vegar vegna eyðingar og heftingar á frekari útbreiðslu ágengra plantna, sem er ört vaxandi áskorun sem takast þarf á við af festu. Sveitarstjórn samþykkti beiðni umhverfisnefndar og felur nefndinni að skipa í starfshópana og leggja fram erindisbréf.

Mikill áhugi fyrir boccia

Á Heilsueflandi degi í íþróttahúsinu síðasta laugardag var boðið upp á bocciakennslu og æfingu fyrir eldri Mývetninga undir stjórn Egils Olgeirssonar frá bocciadeild Völsungs. Gaman var að sjá hversu aðsókn var góð. Mývetningur gaf Félagi eldri Mývetninga glæsilegt bocciasett og er ætlunin að bjóða upp á skipulagðar æfingar í vetur ef áhugi er fyrir hendi.



Hér er hluti hópsins að prófa boccia í fyrsta sinn.



Hulda Harðardóttir frá Félagi eldri Mývetninga og Sigurbjörn Reynir Björgvinsson formaður Mývetnings við þetta glæsilega bocciasett sem Mývetningur færði eldri Mývetningum að gjöf.



Starfsfólk á hreppsskrifstofum Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

Skemmtileg heimsókn í Þingeyjarsveit

Á dögunum fór starfsfólk hreppsskrifstofu Skútustaðahrepps í heimsókn til kollega sinna á hreppsskrifstofunni í Þingeyjarsveit. Þar fengum við góða kynningu á starfsemi sveitarfélagsins og gátum borið saman bækur okkar, deilt reynslu og gefið góð ráð. Þessi tvö nágrannasveitarfélög eiga í

samstarfi í ýmsum málum eins og t.d. í skipulags- og byggingamálum og reka m.a. sameiginlegt slökkvilið. Einnig er mikið samstarf í gegnum Héraðsnefnd Þingeyinga. En aðalatriðið var að hitta skemmtilega nágranna og mynda góð tengsl vegna þeirra samstarfsverkefna sem við vinnum að.



HRÓS DAGSINS...

Fá þessar nýbökuðu mæður sem undirritaður hitti á göngu á Hlíðaveginum um daginn. Segja má að þetta sé einkennandi fyrir samfélagið okkar þessi misserin því hér fjölgar ört á leikskólanum okkar og við erum Heilsueflandi samfélag! Þetta eru þær Bernadetta Kozaczek, Marge Neissar og Linda Björk Árnadóttir.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. fundi með Vegagerðinni, heilbrigðiseftirlitinu, undirbúningshópi vegna fullveldisafmælisins, haustfund fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga, vígslu Þekkingarsetursins, Heilsueflandi samfélag-, heimsótt skrifstofu Þingeyjarsveitar, fundi umhverfisnefndar og velferðar- og menningarmálanefndar og þá hélt sveitarstjórn sérstakan undirbúningsfund þar sem unnið var að gerð fjárhagsáætlunar, svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri